



MINNISBLAÐ

Landhelgisgæslan, 4. apríl 2022
Tilvísun: M2203-062

Viðtakandi: Haukur Guðmundsson, ráðuneytisstjóri DMR
Sendandi: Georg Kr. Lárusson, forstjóri LHG
Efni: *Brostnar forsendur rekstraráætlunar Landhelgisgæslunnar*

Nú þegar febrúar uppgjör liggur fyrir og fyrsti ársfjórðungur er liðinn er orðið ljóst að forsendur rekstraráætlunar Landhelgisgæslunnar vegna ársins 2022 eru brostnar. Í samræmi við 1. mgr. 35. gr. laga nr. 123/2015 telur Landhelgisgæslan því nauðsynlegt að upplýsa ráðuneytið og ráðherra um stöðuna. Landhelgisgæslan hefur á liðnum árum ítrekað bent á í minnisblöðum og samtölum við ráðuneyti sitt að fjárheimildir dugi vart til að standa undir rekstri og fjárfestingum stofnunarinnar og þoli litla sem enga ágjöf. Helstu forsendubrestir nú eru:

- Óvænt vélabílun varðskipsins Þórs í árslok 2021, viðhaldsfjármunir ársins 2022 uppunir.
- Nauðsynlegar lagfæringar og uppfærslur varðskipsins Freyju umfram það sem var fyrirsjáanlegt.
- Ófjármagnaður kostnaðarauki við rekstur og viðhald nýs og mun stærra skips en forvera þess.
- Ófjármagnaður kostnaðarauki við þjónustu og eftirlit með varðskipi á Siglufirði.
- Mikil hækkun olúverðs, auk banns við olútöku í Færeyjum.

LHG telur að kostnaður umfram áætlun 2022 verði um 200 milljónir. Óskað er eftir því að ráðuneytið beiti sér fyrir samsvarandi fjárlaga.

- 60 milljónir vegna viðhalds varðskipa
- 50 milljónir vegna staðsetningar varðskips á Siglufirði
- 90 milljónir vegna hærra olúverðs (skip og loftför)

Fáist ekki aukin heimild á fjárlagalögum sér LHG ekki aðra en einhverja eftirfarandi kosta til að rekstur ársins haldist innan núverandi fjárlaga:

- Gera bæði varðskip út frá Reykjavík. Árssparnaður 50 milljónir, ca 60% árið 2022 (30m).
- Athuga hvort unnt sé að vera viðbótarmánuð í Frontex, tekjuaukning uppá 35 milljónir.
 - Verulega skert eftirlits- og viðbragðsgeta á Íslandi með flugvél.
- Hætta að reka flugvél, segja áhöfnum hennar upp og koma í söluferli. Rekstrarsparnaður 350 milljónir að t.t.t. tekjumissis, ca 25% á þessu ári (90m).
 - Eftirlits- og viðbragðsgeta á hafi skerðist enn frekar.
- Fækka þyrluáhöfnum úr 6 í 5. Brúttó sparnaður 275 milljónir á ári, ca 25% árið 2022 (70m).
 - Viðbragðsgeta (utan 20 sjómílna) lækkar úr 70% í 40%, dýr þjálfun og þekking tapast.
 - Ólíklegt að hægt sé að standa við samning við UTN um 80% viðbragð í tengslum við loftrýmisgæslu gegn 57 milljóna greiðslu.
 - Lækkar nettó árs sparnað í 218 milljónir.
- Segja upp skipsáhöfn og leggja varðskipi, einungis varðskip á sjó hálf árið. Brúttó sparnaður 475 milljónir en einungis 25-35% hans næst á þessu ári, 119-166 milljónir.
 - Viðbragðsgeta á sjó langt undir viðmiðunarmörkum.

Óskað er eftir viðbrögðum ráðuneytisins og samtali um lausn á þessum vanda.